

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grundarfjarðarbæ.

Háls – óveruleg deiliskipulagsbreyting.

Bæjarráð Grundarfjarðarbæjar, sem fer með umboð bæjarstjórnar, samþykkti 2. júlí 2021 óverulega deiliskipulagsbreytingu í landi Háls, skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulag Háls var samþykkt í bæjarstjórn 13. júní 2013.

Deiliskipulagsbreytingin nú felur í sér færslu á byggingarreitum er varðar frístundahús og smáhýsi á lóð A, Sólbakka. Byggingarreit er hliðrað til suðausturs og byggingarreit fyrir smáhýsi er hliðrað til suðvesturs. Byggingarskilmálar breytast hvað varðar skilgreiningu íbúðarhúsa á lóðum A og B sem frístundahúsa.

Óverulega deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Grundarfirði, 9. júlí 2021.

Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 23. júlí 2021